

## Spurning vegna stytta Gústa Guðsmanns

**Til** : Fjallabyggð  
**Frá** : Kristín Sigurjónsdóttir <trolli@trolli.is>  
**Heiti** : Spurning vegna stytta Gústa Guðsmanns  
**Málsnúmer** : 1905030  
**Málsaðili** : Hljóðsmárinn ehf  
**Skráð dags** : 13.05.2019 14:04:06  
**Höfundur** : Kristín Sigurjónsdóttir <trolli@trolli.is>

Sæl, fengum þessa fyrirspurn frá lesenda og óskum eftir svari frá bæjarráði.

"Í opnu bréfi sem sent var til bæjarráðs og skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar í ágústmánuði í fyrra þar sem þrír einstaklingar rituðu fyrir hönd áhugamannafélags um minningu Gústa Guðsmanns á Siglufirði og fóru fram á að minnisvarða / stytta af Gústa guðsmanni yrði fundinn staður í deiliskipulagi Ráðshústorgsins á viðeigandi stað "þar sem hann stóð í áraraðir og boðaði fagnaðarerindið" kom m.a. fram að stytta yrði "algjörlega kostuð af gefendum". Nú gerast þær raddir háværrar á götunni sem segja að áðurnefndir þremmenningar hafi gengið inn á fund bærstjóra og farið þess á leit við hann að sveitarfélagið kæmi að verkinu með framlagi upp á einhverjar milljónir króna og að það hafi verið samþykkt.


Spurt er:

a) Er þetta rétt?

b) Ef svo er, er eðlilegt að hver sem er geti komið inn af götunni, hitt bærstjóra og farið þaðan út með loforð upp á milljónagreiðslur úr bæjarsjóði á meðan aðrir bæjarbúar þurfa að sækja formlega um á haustdögum, með afgreiðslu nokkrum mánuðum síðar frá hinni og þessari nefnd bæjarkerfisins? Athygli vekur að enginn þremmenninganna hafði búið á Siglufirði undanfarin ár nema í mýflugumynd og einn þeirra ekki í einhverja áratugi.",

--

Bestu kveðjur,  
Kristín Sigurjónsdóttir



[Tröllis.is](http://Tröllis.is) - [FM Tröllis](http://FM Tröllis)

Hljóðsmárinn ehf  
Hólavegur 5  
580 Siglufjörður  
Kt. 601299 4539